

Framkvæmdasjóður Ferðamannastaða

Samningur um styrk vegna átaks til uppbyggingar á ferðamannastöðum sumarið 2014

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða, kt 490911-1970 hér eftir nefndur styrkveitandi og Hafnarfjarðarbær, Kt. 590169-7579 hér eftir nefndur styrkþegi gera með sér eftirfarandi samning um styrkveitingu.

1. gr. markmið

Skv. lögum nr. 75/2011 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða er markmið og hlutverk sjóðsins að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða í opinberri eigu eða umsjón um land allt. Leitast skal við að tryggja öryggi ferðamanna og vernda náttúru landsins. Einnig er sjóðnum ætlað að fjölga viðkomustöðum ferðafólks til að draga úr álagi á fjölsóttu ferðamannastaði. Markmið með fjárveitingu í verkefnið er að tryggja fjármuni til brýnna verkefna á ferðamannastöðum er lúta að verndun náttúru og öryggi ferðamanna.

Um úthlutun styrks gilda skilmálar samnings þessa sem styrkþegi hefur kynnt sér og skuldbindur sig að hlíta. Umsókn styrkþega og fylgiskjöl, sem uppfylla skilyrði auglýst skilyrði fyrir styrkveitingu, teljast hluti af samkomulagi þess.

2. gr. fjárhæð styrks og verkefni

Styrkurinn er að fjárhæð kr. 1.770.000,- og veittur styrkþega vegna verkefnisins „Seltún-Áframhaldandi uppbygging (Krýsuvík)“ Greiðist inn á reikning númer

3. gr. skilyrði fyrir styrkveitingu og ábyrgð styrkhafa

Styrkurinn er veittur til tilgreindra verkefna í samningi þessum. Styrkþega er óheimilt að framselja styrkinn eða ráðstafa til annarra aðila eða til annarra verkefna en í samningi þessum. Reikningar vegna verkefnisins skulu vera skýrt aðgreindir í bókhaldi frá annarri starfsemi.

Styrkþegi skal tilkynna sjóðnum án tafar ef breytingar verða á högum hans sem geta haft áhrif á framkvæmd verkefnisins. Styrkveiting fellur niður við aðilaskipti. Einnig kann styrkveiting að falla niður ef breytingarnar skerða möguleika styrkþega á að vinna verkið að mati stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Styrkþegi skal vinna verkið í samræmi við vinnuáætlun sem samþykkt er af styrkveitanda. Styrkþegi skal leita fyrirfram samþykkis styrkveitanda fyrir frávikum. Styrkurinn greiðist aðeins út ef gæði vinnu eru í samræmi við kröfur styrkveitanda. Allur frágangur við verkefnið verður að vera til fyrirmyndar og í samræmi við lög, reglugerðir og samþykkt viðmið.

Styrkþegi er ábyrgður fyrir eðlilegur viðhaldi svæðis og mannvirkjum (stórum sem smáum) er tengjast viðkomandi framkvæmd. Sjóðurinn tekur ekki á sig skuldbindingar við uppfærslu, viðhald eða viðgerðir á mannvirkjum sem tengjast styrkveitingu.

Styrkþegi ábyrgist með undirritun á samningi að öll lögbundin leyfi og samþykktir vegna framkvæmdarinnar liggja fyrir, sem og önnur þau gögn sem þarf vegna framkvæmdarinnar.

4. gr. greiðsla styrks

Styrkurinn, sem er til verkefna á árinu 2014, greiðist út í þrennu lagi:

1. 40% við undirskrift samnings
2. 40% við samþykta framvinduskýrslu
3. 20% við lok fullnægjandi lokaskýrslu

Styrkþega ber að skila inn framvinduskýrslur og lokaskýrslu, ásamt ljósritum af öllum reikningum verkefnisins og greinargerð um eigið framlag sem telst hluti af heildarkostnaði.

Framvinduskýrslur skal fylgja afrit af reikningum fyrir að lágmarki 80% upphæð styrksins og við skil á lokaskýrslu skulu reikningar fyrir allri upphæðinni hafa borist. Eigin vinna eða starfsmanna styrkþega getur verið hluti 50% mótframlags og skulu þá berast afrit af launaseðlum og eða vinnuskýrslum.

Styrkþega ber að skila inn framvinduskýrslu eigi síðar en 1. september 2014 ásamt ljósritum af reikningum. Lokaskýrslu ber að skila, ásamt ljósritum af þeim reikningum sem ekki fylgdu með framvinduskýrslu eigi síðar en 1. desember 2014. Hafi samningur, framvindu- eða lokaskýrsla ekki borist fyrir tilsettan tíma, fellur styrkurinn niður og verður afturkræfur, hafi ekki komið fram sérstakar skýringar eða samið um annað.

Ef verkefnið er lítið eða vinnst mjög hratt er heimilt að skila einungis lokaskýrslu ásamt reikningum og fylgigögnum en þá gildir hún einnig sem framvinduskýrsla og greiðast þá eftirstöðvar styrksins í einu lagi.

Styrkveitandi greiðir út innan 30 daga frá því að skýrsla berst.

Með framvindu og lokaskýrslum skulu fylgja ljósmyndir sem sýna allt svæðið sem framkvæmdin nær til. Ef um skipulag eða hönnun er að ræða skal afrit af öllum hönnunargögnum og fylgiskjölum fylgja með skýrslu. Myndir sem teknar eru skulu staðsettar þannig að auðvelt verði að taka samanburðarmyndir á sama stað síðar.

5. vanefndir

Brot styrkþega á gerðum samningum, eða öðrum skilmálum um úthlutun styrkja úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, veitir sjóðnum heimild til að stöðva greiðslur til styrkþega. Brot á samningi getur einnig haft áhrif á möguleika styrkhafa til frekari styrkveitinga. Hafi styrkþegi þegar fengið huta styrksins greidda fyrirfram, veitir brot á samningi, sjóðnum heimild til að krefjast fullrar endurgreiðslu.

Mál er kunna að rísa út af ágreiningi í samningum skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Dags _____

F.h. Framkvæmdasjóði
ferðamannastaða

F.h. styrkþega

Sólrún Anna Jónsdóttir
Rekstrarstjóri Ferðamálastofu

